Orkuskipti í millilandaflugi gerast ekki án innleiðingar endurnýjanlegs eldsneytis á flugvélar. Orkuskipti í millilandaflugi eru komin af stað á alþjóðavísu og stjórnvöld geta haft áhrif á það hvernig rekstrarumhverfi íslenskra flugrekstraraðila verður á komandi árum. Nýleg skýrsla starfshóps um orkuskipti í flugi, Flugorka framtíðarinnar, tók til skoðunar hvaða leiðir væru færar til að hraða orkuskiptum í flugi og hvort fýsilegt væri að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti fyrir millilandaflug hér á landi. Þessi skýrsla er mikilvægt skref í þá átt að móta hér á landi rekstrarumhverfi sem er hagstætt fyrir íslenska flugrekstraraðila til framtíðar.

Staða: Á hugmyndastigi

Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmdaraðili/-aðilar: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Viðauki

Ítarefni um loftslagsaðgerðir og loftslagsverkefni á ábyrgð stjórnvalda vegna losunar vegna flugs og flugvalla.

Númer	V.2.A1
Viðfangsefni	Flugvelliir
Kerfislæg umbreyting	Bætt orkunýtni
Heiti aðgerðar	Uppbygging varaflugvalla
Stutt lýsing	Varaflugvelliir fyrir millilandaflug verða byggðir upp sem minnkar magn eldsneytis sem flugvél þarf til næsta varaflugvallar og eykur þannig orkunýtni.
Markmið aðgerðar	Að minnka það eldsneyti sem þarf til að komast til næsta varaflugvallar, nýta flugvélaeldsneyti betur og þannig auka hagkvæmni í flugi
Árangursvísir aðgerðar	Meðal eldsneytisnotkun á völdum Evrópuflugslegg
Lengri lýsing	<p>Flugvélar bera með sér viðbótarjarðefnaeldsneyti hverju sinni sem koma skal vélunum á annan áfangastað ef forsendur fyrir lendingu á fyrirhuguðum áfangastað bresta. Aukið magn jarðefnaeldsneytis hefur í för með sér aukna vigt vélanna, sem ýtir undir aukna losun vélanna á hvern fluglegg. Millilandaflugvelliir verði því byggðir upp þannig að þeir nýtist til vara sé ekki hægt að lenda á fyrirhuguðum áfangastað. Um það er að ræða að fjölga flugvélastæðum til þess að hægt sé að taka á móti mörgum vélum samtímis, auka afkastagetu við landingar svo hægt sé að taka á móti mörgum vélum með stuttu millibili og bæta brautarþjónustu svo brautirnar séu sem oftast nothæfar.</p> <p>Frumvarp um uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsögupjónustu var lagt fram á vörþingi og það samþykkt í júní 2023. Samkvæmt lögnum verður innheimt sérstakt varaflugvallargjald sem fjármagnar uppbyggingu og viðhald varaflugvalla á Egilsstöðum, Akureyri og í Reykjavík. Þá er einnig tryggt önnur nauðsynleg uppbygging flugvallakerfisins.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Innleiða varaflugvallagjöld (lokið) 2. Kalla eftir útreikningum flugfélaga á fyrir- og eftir-sviðsmyndum 3. Uppbygging varaflugvalla sett á samgönguáætlun (uppfærð áætlun fyrir Alþingi) 4. Uppbygging varaflugvalla í samræmi við samgönguáætlun
Upphaf og endir	2023 - ()
Staða aðgerðar	Í framkvæmd
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Byggðamál
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfisþætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Innviðaráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Isavia innanlandsflugvelliir
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Já



Númer	V.2.A2
Viðfangsefni	Flugvellir
Kerfislæg umbreyting	Bætt orkunýtni
Heiti aðgerðar	Orkunýtnari flugferlar innleiddir
Stutt lýsing	Áfram verði unnið að orkusparnaði í farflugi með innleiðingu „frjáls flugs“ og orkusparandi verklagi við frá- og aðflug að flugvöllum í eigu Isavia ohf.
Markmið aðgerðar	Að hámarka orkunýtni og lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda í aðflugi
Árangursvísir aðgerðar	Hlutfall flugs sem nær CDA í aðflugi flugvalla
Lengri lýsing	<p>Ferlar sem um ræðir: Frjálst flug og samfelld lækkun og hækkun.</p> <p>Isavia ANS vinni með Alþjóðaflugmálastofnuninni að innleiðingu „frjáls flugs“ (e. free flights) og annarrar tækni sem stuðlar að því að hámarka orkunýtni í flugi, sbr. sýn stofnunarinnar NAT 2025 (https://www.icao.int/EURNAT/Other%20Meetings%20Seminars%20and%20Workshops/NAT%20PBCS%20WORKSHOP/2nd%20NAT%20PERFORMANCE-BASED%20COMMUNICATIONS%20AND%20SURVEILLANCE%20WORKSHOP/NAT%20PBCS%20Wkshp-2%20PPT01.pdf).</p> <p>Með nýtingu nýrrar tækni hefur verið hægt að innleiða minnkaðan aðskilnað milli flugvéla sem leiðir til þess að flugvélar eiga kost á hagkvæmari flughæð-um þar sem eldsneytiseyðsla og CO₂ig. útblásturs er minna.</p> <p>Jafnframt vinni Isavia ANS áfram að því að hámarka orkunýtni flugvéla í frá- og aðflugi (e. CCO/CDO, Continuous climb and descent operations), sbr. leiðbeiningarefni Evrópsku flugmálastofnunarinnar Eurocontrol (https://www.eurocontrol.int/concept/continuous-climb-and-descent-operations#:~:text=CCO%20and%20CDO%20operations%20allow,until%20reaching%20their%20cruising%20levels).</p> <p>Til að auka enn frekar hagkvæmni í frá- og aðflugi verði komið á mælingum á CDO/CCO á öllu flugi inn og út úr KEF. Jafnframt verði allir aðflugs- og brottflugsferlar endurskoðaðir með hliðsjón af losun á CO₂ig. Mikil áhersla er á hávaða í fráflugi. Aukið tillit verði tekið til útblásturs og eldsneytisnotkunar í fráflugsferlum og við val á braut í notkun.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Áframhaldandi samvinna Isavia ANS og ICAO að innleiðingu „frjáls flugs“ og annarra ferla og tækni sem stuðla að bættri orkunýtni í farflugi 2. Áframhaldandi vinna Isavia ANS í átt að bættri orkunýtni í frá- og aðflugi (e. CCO/CDO) 3. Aðflugs- og brottflugsferlar endurskoðaðir 4. Ávinningur fyrir losun far- og aðflugs mældur og greindur
Upphaf og endir	2024 - 2025
Staða aðgerðar	Í framkvæmd
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfisþætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Innviðaráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Isavia ANS
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við

Númer	V.2.A3
Viðfangsefni	Flugvellir
Kerfislæg umbreyting	Bætt orkunýtni
Heiti aðgerðar	Bætt umferðarstjórnun við flugtök og landingar
Stutt lýsing	Innleiðing Isavia ohf. á flugvallarsamvinnuákvæðanatöku (A-CDM), tímabundnum aðskilnaði (TBS) og samræmd brottfararstjórnun (CADM) á Keflavíkflugvelli.
Markmið aðgerðar	Að bæta stjórnun og ákvæðanatökur við komur og brottfarir flugvéla og nýta þannig flugvélaeldsneyti betur og minnka útblástur CO2
Árangursvísir aðgerðar	A-CDM innleitt af Isavia á Keflavíkflugvelli (JÁ/NEI) TBS innleitt af Isavia á Keflavíkflugvelli (JÁ/NEI) CADM innleitt af Isavia á Keflavíkflugvelli (JÁ/NEI)
Lengri lýsing	Nýta mætti eigendastefnu opinberra félaga svo rekstraraðilar á flugvöllum innleiði flugvallarsamvinnuákvæðanatöku (A-CDM, Airport Collaborative Decision Making), tímabundnin aðskilnað (TBS, Time Based Separation) og samræmda brottfararstjórnun (CADM, Coordination of Arrival and Departure Management) á Keflavíkflugvelli. Byrja þarf á að greina þörf, kostnað og ávinning af verkefnum.
Verkþættir	1. Greina hagkvæmni þess að taka upp viðkomandi verklag 2. Taka það upp sé það hagkvæmt
Upphaf og endir	2024 - 2030
Staða aðgerðar	Á hugmyndastigi
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Á ekki við
Aðrar fjármögnunarleiðir	Kostnaður er hluti af fjárhagslega sjálfbærum rekstri Keflavíkflugvallar
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfispætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Innviðaráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Isavia ohf.
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við

Númer	V.2.B1
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Breytt nálgun
Heiti aðgerðar	Leiðbeiningar um loftslagsvænni samgöngumáta opinberra starfsmanna
Stutt lýsing	Leiðbeiningar um loftslagsvæna samgöngumáta opinberra starfsmanna. Þær skulu stuðla að nýtingu vistvænni ferðamáta og fjarfunda, sem og tryggja samræmi í útreikningum losunar flugs.
Markmið aðgerðar	Draga úr óþarfa ferðalögum og þar með úr losun ferða opinberra starfsmanna með flugi
Árangursvísir aðgerðar	%-lækkun kg CO ₂ íg. / stöðugildi hins opinbera
Lengri lýsing	<p>Leiðbeiningar verði búnar til um loftslagsvænni samgöngumáta opinberra starfsmanna, sem munu m.a. fjalla um bókun ferðalaga opinberra starfsmanna. Þær skulu stuðla að nýtingu vistvænni ferðamáta og fjarfunda. Samræmi verði tryggt í útreikningum losunar á hverja flugferð út frá alþjóðlegum gagnagrunni (IATA) í grænu bókhaldi stofnana.</p> <p>Ríkið setur sér markmið um að vera fyrirmynd hvað varðar að stöðva vöxt í flugi sem knúð er af jarðefnaeldsneyti. Leiðbeiningar verða settar saman um bókun ferðalaga opinberra starfsmanna sem er ætlað að stuðla að aukinni nýtingu fjarfunda og vistvænni ferðamáta þar sem því verður við komið.</p> <p>Aðgerðin hefur tengingu við aðgerð í fjárhagslegum hvötum um aukinn sýnileika á kolefnisspori ríkisins.</p> <p>Sömuleiðis eru tengsl við byggðaáætlun og aðgerð B.7 Óstaðbundin störf sem hefur það markmið að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none"> Útfæra ákvörðunartre fyrir ferðalög opinberra starfsmanna (þarf ég að fljúga/fjarfundarbúnaður í boði/aðrir ferðamátar að vissri vegalengd?) Taka saman fræðslu og kynningaráætlun fyrir opinbera starfsmenn og leiðbeiningar birtar út á við (Umhverfisstofnun) Innleiða fyrirkomulag um ferðabæðir út frá leiðbeiningum (ef ferðalög uppfylla ákveðin skilyrði) Innleiða gagnsæisskyldu um losun ferðamáta í útboðsgögnum Innleiða innra kolefnisgjald (sér aðgerð)
Upphaf og endir	2024 - 2024
Staða aðgerðar	Á hugmyndastigi
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Á ekki við
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfispætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Umhverfisstofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við



Númer	V.2.B2
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Sjálfbær orkuskipti flota
Heiti aðgerðar	Þátttaka í alþjóðlegum kerfum um samdrátt í losun frá flugi
Stutt lýsing	Áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegum kerfum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi (ETS og CORSIA) og uppfærsla regluverks eftir þörfum.
Markmið aðgerðar	Ísland sé þátttakandi í alþjóðlegum kerfum um samdrátt í losun frá flugi
Árangursvísir aðgerðar	Tímanleg innleiðing á þeim ESB-gerðum tengdum ETS- og CORSIA-kerfunum sem hafa tekið gildi í takt við lifandi og breytilegt lagaumhverfi
Langri lýsing	<p>Auk viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS) tekur Ísland nú þátt í nýju alþjóðlegu kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, CORSIA (e. Carbon Offsetting and Reduction Scheme for International Aviation). CORSIA hefur það að markmiði að ná fram kolefnishlutlausum vexti í alþjóðaflugi frá og með árinu 2020 með kolefnisjöfnun og losun koldíoxíðs í gegnum sérstök verkefnavottorð. CORSIA nær til flugrekenda sem losa meira en 10 þ. t af koldíoxíði frá alþjóðaflugi með loftförum með hámarksflugtaks massa yfir 5.700 kg.</p> <p>CORSIA-kerfið er innleitt hér á landi í gegnum viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), sbr. lög um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir nr. 96/2023. Nú þegar er búið að innleiða í íslenskan rétt nokkrar reglugerðir ESB um vöktunarskyldu flugrekenda vegna alþjóðaflugs samkvæmt CORSIA-kerfinu.</p> <p>Framkvæmd</p> <p>CORSIA verður innleitt í nokkrum skrefum. Í upphafi var um að ræða sjálfviljuga þátttöku og Ísland hefur tekið þátt í kerfinu frá byrjun ásamt öllum öðrum ríkjum í samtökum evrópskra flugmálayfirvalda (ECAC). Fyrst var tveggja ára tímabil á milli 2019 og 2020 þar sem grunnlosun var ákvörðuð og er öll losun umfram þá grunnlosun sú losun sem þarf að jafna. Síðan taka við tvö þriggja ára tímabil (2021-2023 og 2024-2026) þar sem lönd geta sjálfviljug tekið þátt áður en þátttakan verður skyldug árið 2027.</p> <p>CORSIA gildir fyrir flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi innan EES vegna flugs til, frá og milli ríkja sem eru utan EES en taka þátt í CORSIA og flugs milli Sviss eða Bretlands og þriðju ríkja sem taka þátt í CORSIA. CORSIA gildir einnig fyrir flug milli tveggja þriðju ríkja sem taka þátt í CORSIA en ETS-kerfið gildir fyrir flug innan EES og flug til Sviss og Bretlands.</p> <p>Vegna landfræðilegrar stöðu Íslands þarf að tryggja að reglusetning sem þessi valdi hvorki kolefnisteka né skaði hagsmuni íslenskra flugrekenda eða íslensks efnahagslífs. Vanda þarf því til verka við innleiðingu og vinna í náninni samvinnu með hlutaðeigandi.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Áframhaldandi þátttaka í CORSIA tryggð fyrir 2024-2026 2. Reglulegir snertifletir með hlutaðeigendum til að tryggja gagnsæi, skoðanaskipti, upplýsingagjöf og skilning
Upphaf og endir	2007 (ETS) / 2021 (CORSIA) - ()
Staða aðgerðar	Í framkvæmd
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Efnahagur heimilanna
Skörun við aðra umhverfisþætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Umhverfisstofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Já, H2 og H3.
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við



Númer	V.2.B3
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Sjálfbær orkuskipti flota
Heiti aðgerðar	Þrepaskipt krafa um lágmarkshlutdeild sjálfbærs flugvélaeldsneytis
Stutt lýsing	Innleiða þrepaskipta kröfu ESB um lágmarkshlutdeild sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) fram til ársins 2050, þ.e. 2% árið 2025, 6% árið 2030 og allt að 70% árið 2050.
Markmið aðgerðar	Að sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) komi í vaxandi mæli í stað jarðefnaeldsneytis þar til aðrar hagkvæmari lausnir bjóðist
Árangursvísir aðgerðar	Magn íblandaðs sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) í eldsneyti seldu á Íslandi til flugs
Lengri lýsing	<p>Í aðgerða- og löggjafarpakka ESB í loftslagsmálum, Fær í 55%, sem innleiddur verður hérlendis, hefur náðst samkomulag með reglugerð vegna flugeldsneytis (RefuelEU aviation) um að ákveðið lágmarkshlutfall flugvélaeldsneytis skuli vera sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) og skal hlutfallið fara stigvaxandi á fimm ára fresti fram til ársins 2050. Gera má ráð fyrir a.m.k. 2% hlutfalli árið 2025, 6% árið 2030 og allt að 70% 2050. Sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) er ekki losunarfrítt heldur endurnýtir kolefni úr öðrum ferlum, s.s. lífrænum efnum eða losun úr iðnaðarferlum. Þá verður frá árinu 2030 gerð krafa um að 2% af sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) verði sjálfbært rafeldsneyti. Reglugerðinni er ætlað að auka framleiðslu og upptöku sjálfbærs flugvélaeldsneytis í Evrópu og tryggja að það sé tiltækt svo útfösun jarðefnaeldsneytis verði gerð möguleg. Sú ábyrgð reglugerðarinnar er hjá eldsneytisbirgjum að útvega sjálfbært flugvélaeldsneyti en skv. Sveigjanleikaákvæði (e. flexibility mechanisms) er þeim ekki skylt að dreifa því jafnt á alla flugvelli innan ESB og EES.</p> <p>Ein þeirra aðlagana sem Ísland fékk fram í viðræðum sínum við ESB vegna upptöku EST-gerðar snýr að því að flugrekendur sem fljúga til og frá/um flugvelli á Íslandi geta sótt um að fá 100% endurgreiðslu í formi losunarheimilda vegna viðbótarkostnaðar vegna kaupa á sjálfbæru flugvélaeldsneyti miðað við kaup á jarðefnaeldsneyti. Til að flugrekendum sé kleift að nýta aðlögunina er mikilvægt að framboð sjálfbærs flugvélaeldsneytis sé tryggt.</p>
Verkpættir	<ol style="list-style-type: none">Innleiða reglugerð vegna flugeldsneytis (RefuelEU aviation)Greina möguleika fyrir innlenda framleiðslu sjálfbærs flugvélaeldsneytis og innflutning (hluti af heildstæðri orkuskiptastefnu stjórnvalda)Tryggja framboð á sjálfbæru flugvélaeldsneyti til flugrekenda með viðkomu á Íslandi
Upphaf og endir	2024 - ()
Staða aðgerðar	Fyrirhugað
Mat á samdrætti	78 þ.t CO2íg
Staða fjármögnunar	Á ekki við
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Efnahagur heimilanna
Skörun við aðra umhverfispætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Orkustofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2113	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Já



Númer	V.2.B4
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Sjálfbær orkuskipti flota
Heiti aðgerðar	Tryggt framboð á sjálfbæru flugvélaeldsneyti
Stutt lýsing	Skipaður verður vinnuhópur sem kortleggur leiðir til að tryggja nægt aðgengi að vistvænum orkugjöfum, þ.m.t. með fýsileikakönnun innlendrar framleiðslu og hvatakerfa.
Markmið aðgerðar	Að Ísland marki sér skýra sýn um framtíðarstefnu í eldsneytismálum og aðgengi að sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF)
Árangursvísir aðgerðar	Skýrsla vinnuhóps með tillögum um framtíðarstefnu í eldsneytismálum og aðgengi að sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF)
Lengri lýsing	<p>Tengist þverlægrri aðgerð um heildstæða orkuskiptastefnu stjórnvalda og innviðaaætlun. Þessar áætlanir munu ná til allra samgangna, þ.m.t. flugs og flugvalla. Flugvellir og flugrekendur verða að veita upplýsingum inn í þessa vinnu.</p> <p>Sjá sambærilega aðgerð um framboð á sjálfbæru eldsneyti í samgöngum á landi.</p> <p>Stjórnvöld munu marka sér skýra sýn um framtíðarstefnu í eldsneytismálum og tryggja aðgengi að sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF).</p> <p>Sú leið sem getur skilað árangri strax í formi minni losunar gróðurhúsalofttegunda er notkun sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF). Í dag er aðgengi að sjálfbæru flugvélaeldsneyti á Íslandi ekki fyrir hendi og eru kaup íslenskra flugrekenda því eingöngu erlendis og það í litlu magni. Flugfélögum er í dag heimilt að blanda allt að 50% eldsneyti með sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) og verða mörkin líklega komin í 100% fyrir 2030. Í núverandi rekstrarumhverfi er ekki unnt að ná svo hárrí íblöndun vegna takmarkaðs framboðs sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) og óhagkvæmni í innkaupsverði. Regluverk ESB um íblöndun sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) er enn í mótun og er þar kveðið á um íblöndunarkröfu sem fer stigvaxandi strax frá árinu 2025. Ísland er örsmár markaður á alþjóðavettvangi og felast í því áskoranir og tækifæri. Að auki fékkst aðlögunarákvæði í ETS um flug á Íslandi, sem einungis er hægt að nýta sér ef framboð sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) er fyrir hendi. Eigi markmið stjórnvalda um Ísland óháð jarðefnaeldsneyti árið 2040 að næst þarf að undirbyggja framtíðarinnflutning á sjálfbæru þotueldsneyti með skýrri framtíðarsýn, en kanna einnig möguleika til innlendrar framleiðslu.</p>
Verkpættir	<ol style="list-style-type: none"> Möguleikar á að tryggja nauðsynlegt aðgengi að sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) greindir með hagaðilum (hluti af heilsteyptri orkuskiptastefnumótun stjórnvalda) Greining á eftirspurn og hagkvæmni framleiðslu sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) á Íslandi Greining á þörf og kostnaði af hvatakerfi til notkunar sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) af flugrekendum með viðkomu á Íslandi
Upphaf og endir	2024 - 2025
Staða aðgerðar	Á hugmyndastigi
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Byggðamál
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfispætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Orkustofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Já



Númer	V.2.B5
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Sjálfbær orkuskipti flota
Heiti aðgerðar	Stuðningur við kaup á hreinorkuvél í áætlunarflugi innan lands
Stutt lýsing	Útfæra stuðning stjórnvalda við fyrstu kaup á flugvél sem gengur fyrir endurnýjanlegum orkugjafa í áætlunarflug innan lands í takt við tækniþróun og markaðsforsendur.
Markmið aðgerðar	Flýta innleiðingu annarra endurnýjanlegra orkugjafa í flugi en sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF)
Árangursvísir aðgerðar	Fjöldi hreinorkuflugvéla í áætlunarflugi innan lands (að fullu knúin endurnýjanlegum orkugjafa öðrum en sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF))
Lengri lýsing	<p>Sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) er ekki talið langtímalausn í orkuskiptum á skemmri flugleiðum. Rafmagnsflugvélar og vetnisknúnar vélar eru í þróun fyrir styttri flugleiðir og er spáð að þær verði hagkvæmari en sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) vegna orkunýtni og fyrirsjáanlegs skorts á sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) í heiminum. Sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) er hins vegar eina fyrirsjáanlega lausnin á lengri flugleiðum og við flug stærri véla.</p> <p>Ekki er fyrirsjáanlegt hvenær flugvélakostir á endurnýjanlegri orku annarri en sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) verði komnir á markað en hagaðilar fylgjast náið með slíkri þróun. Tryggja þarf gagnsæi um viðkomandi lausnir og innkaup og útfæra stuðning stjórnvalda við slíka fjárfestingu með hagaðilum þegar þar að kemur.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none">Hagaðilar fylgjast með tækniþróun og framboði flugvéla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfumÁkvörðun tekin í samvinnu með hagaðilum um fyrirkomulag stuðnings ríkis við fyrstu kaup hreinorkuflugvélar og tímasetningarGreining gerð á viðeigandi innviðum og viðeigandi ráðstafanir gerðar svo innviðir geti sinnt nýjum orkugjafaHreinorkuflugvél keypt af hagaðila
Upphaf og endir	2024 - 2035
Staða aðgerðar	Á hugmyndastigi
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Fjárfesting einkaaðila og rekstraraðila
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Byggðamál
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfispætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Orkustofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Já



Númer	V.2.B6
Viðfangsefni	Flug
Kerfislæg umbreyting	Sjálfbær orkuskipti flota
Heiti aðgerðar	Stefnumótun stjórnvalda um orkuskipti í millilandaflugi
Stutt lýsing	Orkuskipti í millilandaflugi gerast ekki án innleiðingar endurnýjanlegs eldsneytis á flugvélar. Orkuskipti í millilandaflugi eru komin af stað á alþjóðavísu og stjórnvöld geta haft áhrif á það hvernig rekstrarumhverfi íslenskra flugrekstraraðila verður á komandi árum. Nýleg skýrsla starfshóps um orkuskipti í flugi, Flugorka framtíðarinnar, tók til skoðunar hvaða leiðir væru færar til að hraða orkuskiptum í flugi og hvort fýsilegt væri að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti fyrir millilandaflug hér á landi. Þessi skýrsla er mikilvægt skref í þá átt að móta hér á landi rekstrarumhverfi sem er hagstætt fyrir íslenska flugrekstraraðila til framtíðar.
Markmið aðgerðar	Stjórnvöld styðji við orkuskipti í millilandaflugi
Árangursvísir aðgerðar	Íslenskir flugrekstraraðilar búi ekki við lakara rekstrarumhverfi þegar kemur að orkuskiptum í millilandaflugi
Lengri lýsing	Þann 17. febrúar 2023 skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, starfshóp sem falið var að taka til skoðunar hvaða leiðir væru færar til að hraða orkuskiptum í flugi með notkun endurnýjanlegs eldsneytis fyrir millilandaflug og leggja fram tillögur þar að lútandi. Starfshópnum var jafnframt falið að skoða fýsileika slíkrar framleiðslu hér á landi og hvaða kröfur séu gerðar til slíkrar starfsemi. Hópurinn skyldi skoða regluverk ESB um flugvélaeldsneyti (regulation of the European Parliament and of the Council on ensuring a level playing field for sustainable air transport, nefnt Refuel-reglugerðin) samhliða tengdri löggjöf um viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir (ETS-kerfið) og um endurnýjanlega orkugjafa (Renewable Energy Directive) og áhrif þess á eftirspurn eftir endurnýjanlegu eldsneyti. Jafnframt skyldi hann skoða hvort þörf væri á aðlögun vegna innleiðingar þessara gerða í EES-samninginn. Hér er um að ræða gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir Ísland og nauðsynlegt að stjórnvöld fylgist grannt með þróun mála á alþjóðavettvangi. Þær alþjóðlegu reglur sem helst hafa áhrif á losun frá millilandaflugi frá Íslandi eru ETS-kerfi Evrópusambandsins og Refuel-reglugerð þess, sem og CORSIA-kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Þessar reglur þýða að eldsneyti í flugi á Íslandi kemur til með að taka nokkrum breytingum á næstu árum og áratugum. Vegna þeirra alþjóðasamninga sem Ísland hefur þegar undirritað mun söluskylda endurnýjanlegs eldsneytis og losunarkvóti kolefnis frá flugi taka gildi hérlandis innan örfárra ára. Það er möguleiki fyrir Ísland að setja strangari reglur en þær sem Refuel, ETS og CORSIA koma til með að setja okkur og þar með hraða orkuskiptum í flugi enn frekar.
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none">Greina með hvaða hætti stjórnvöld geta sem best stutt við orkuskipti í millilandaflugiTryggja íslenskum flugrekstraraðilum hagstætt rekstrarumhverfi í nýju umhverfi orkuskipta í flugi og íblöndunarkrafnaMóta löggjöf sem tekur mið af sérstöðu ÍslandsSkilvirk innleiðing þeirra Evrópugerða sem þarfSérstakur samstarfsvettvangur stjórnvalda og flug- og ferðageirans greini hvaða ógnanir og tækifæri felast í orkuskiptum í millilandaflugi fyrir Ísland og hvernig best sé að bregðast viðStjórnvöld tryggi fullnægjandi framboð af sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) best sé að bregðast viðStjórnvöld tryggi fullnægjandi framboð af SAF
Upphaf og endir	2024 - 2030
Staða aðgerðar	Á hugmyndastigi
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfisþætti	Orka
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2116	Á ekki við
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við





Losun vegna sjóflutninga frá skipum þyngri en 5000 brúttótonn heyrir nú undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), eða frá og með 1. janúar 2024. Enn er ótímabært að segja til um nákvæma losun skipafélaga sem falla hér undir. Þó er vitað að losun vegna eldsneytis selds til millilandasiglinga á Íslandi var **288 þ.t CO₂íg. árið 2022**.



288 þ.t CO₂íg.
Sjóflutningar

Sjóflutningar

Viðfangsefni sjóflutninga

A. Sjóflutningar

Losunin frá sjóflutningum verður til vegna bruna eldsneytis í skipum. Nú þegar sjóflutningur á skipum þyngri en 5000 brúttótonn er kominn undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir mun viðkomandi losun ekki lengur falla utan kerfa. Enn er óvíst hvaða endurnýjanlegu orkugjafar munu verða markaðsráðandi en vitað er að ólíkir aflgjafar, t.a.m. grænt ammoníak, grænt metanól, grænt vetni eða rafgeymar, munu sinna ólíkum þörfum ýmissa skipa. Nú þegar hefur vetnisskip til sjóflutninga til og frá Íslandi verið pantað.

Yfirlit aðgerða á ábyrgð stjórnvalda

Loftslagsaðgerðir fyrir sjóflutninga felast í því að styðja við umskipti og innleiða ETS-kerfið fyrir sjóflutninga. Þá ber stjórnvöldum einnig að ganga úr skugga um að farið verði í kerfislegar umbreytingar sem styðja þarf, s.s. nýsköpun og tækni í skipum. Skilgreindar aðgerðir eru því til þess fallnar að skapa umhverfi fyrir slíkar umbreytingar.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit allra þeirra loftslagsaðgerða sem lagðar eru til fyrir sjóflutninga.

Tafla 1 Yfirlit aðgerða stjórnvalda um sjóflutninga, skipt í viðfangsefni og kerfislegar umbreytingar. *Skáletraðar tillögur eru loftslagsverkefni, sem byggja grunn fyrir árangur í samdrætti málaflokksins.*

V.3 Sjóflutningar



V.3.A Sjóflutningar



Kerfisleg umbreyting: Stuðningur við umskipti

V.3.A1 Innleiðing ETS fyrir sjóflutninga



Frekari upplýsingar um ofangreindar loftslagsaðgerðir (dökkbláir reitir) og loftslagsverkefni (gráir reitir) á ábyrgð stjórnvalda vegna sjóflutninga er að finna að neðan.

A. Sjóflutningar

Kerfisleg umbreyting: Stuðningur við umskipti

V.3.A1 Innleiðing ETS fyrir sjóflutninga

Losun frá sjóflutningum stærri skipa (yfir 5000 brúttótonn og stærri) verður felld undir ETS-kerfið í skrefum. ETS-kerfið tekur gildi 1. janúar 2024 en skipafyrirtæki munu þurfa að gera upp losun sína ári síðar. Þann 1. janúar 2024 tók kerfið gildi fyrir sjóflutninga í formi vöktunar en árin 2025 og 2026 munu skipafélög þurfa að gera upp losun sína að hluta og árið 2027 þurfa þau að gera upp losun sína að öllu leyti.

Staða: Fyrirhugað

Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Framkvæmdaraðili/-aðilar: Umhverfisstofnun



Viðauki

Ítarefni um loftslagsaðgerðir og loftslagsverkefni á ábyrgð stjórnvalda vegna losunar vegna sjóflutninga.

Númer	V.3.A1
Viðfangsefni	Sjóflutningar
Kerfisleg umbreyting	Stuðningur við umskipti
Heiti aðgerðar	Innleiðing ETS fyrir sjóflutninga
Stutt lýsing	Losun frá sjóflutningum stærri skipa (yfir 5000 brúttótonn og stærri) verður felld undir ETS-kerfið í skrefum. ETS-kerfið tekur gildi 1. janúar 2024 en skipafyrirtæki munu þurfa að gera upp losun sína ári síðar. Þann 1. janúar 2024 tók kerfið gildi fyrir sjóflutninga í formi vöktunar en árin 2025 og 2026 munu skipafélög þurfa að gera upp losun sína að hluta og árið 2027 þurfa þau að gera upp losun sína að öllu leyti.
Markmið aðgerðar	ETS-kerfi fyrir sjóflutninga innleitt að fullu
Árangursvísir aðgerðar	Losun frá sjóflutningum að fullu felld undir ETS-kerfið
Lengri lýsing	<p>ETS-kerfið er lykilbreyta hvað það varðar að ná samdrætti í losun en um 40% losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi falla undir kerfið. Losun frá sjóflutningum verður felld undir ETS-kerfið í skrefum með þeim hætti að flutninga- og farþegaskip sem eru 5000 brúttótonn og stærri munu þurfa að vakta losun frá og með 1. janúar 2024 og skulu standa skil á 40% losunar ársins 2024, 70% losunar ársins 2025 og 100% losunar ársins 2026. Uppgjör losunarheimilda skal fara fram fyrir 30. september árið eftir að losun átti sér stað. Gera þarf upp losun að fullu vegna losunar á siglingaleiðum innan EES-svæðisins og losunar í höfnum, auk 50% losunar frá siglingum inn og út af EES-svæðinu.</p> <p>Losun gróðurhúsalofttegunda vegna sjóflutninga hefur ekki verið undir kerfinu áður en skylda hefur verið að vakta losun frá skipum sem eru 5000 brúttótonn eða stærri síðan árið 2018. Krafa um vöktun losunar hafði ekki mikil áhrif á Íslandi þar sem skylda til vöktunar fór eftir því hvar skip voru skráð, þ.e. fánaríki skips, en engin skip sem voru 5000 brúttótonn eða stærri voru á íslenskrum skipaskrá á þeim tíma. Nú munu skipafélög þurfa að gera upp losun frá siglingum óháð því undir hvaða fána skip siglir. Breytingarnar varða aðallega stærri vöruflutningaskip (m.a. þau sem stunda áætlanasiglingar til og frá landinu) og skemmtiferðaskip.</p>
Verkþættir	<ol style="list-style-type: none">Innleiða ETS fyrir sjóflutningaGreina áhrif innleiðingar ETS-kerfisins á strandsiglingarAuka upplýsingagjöf til rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila um innleiðinguna (leiðbeiningar og reglubundnir snertifletir)Greina áhættur vegna mögulegra breytinga á stærðartakmörkunum ETS-löggjafarinnar
Upphaf og endir	2024-2030
Staða aðgerðar	Fyrirhugað
Mat á samdrætti	Ekki metið
Staða fjármögnunar	Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar
Aðrar fjármögnunarleiðir	Á ekki við
Möguleg jákvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Möguleg neikvæð samfélagsáhrif	Á ekki við
Skörun við aðra umhverfisþætti	Á ekki við
Ábyrgðaraðili	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaraðili/-aðilar	Umhverfisstofnun
Tengsl við aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum 2020	Já, H.2 Hertar reglur í viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS)
Tengsl við loftslagsvegvísa atvinnugreina landsins	Á ekki við